

14. maí 2010



ÚTTEKT Á STARFSEMI SÚÐAVÍKURSKÓLA OG
LEIKSKÓLANS KOFRASELS - UNNIN FYRIR
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Árný Elíasdóttir
Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir
www.attentus.is

ATTENTUS
MANNAUÐUR OG RÁÐGJÖF

Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Súðavíkurskóla og leikskólans Kofrasels. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólanna með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám viðkomandi skólastiga. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla.

Í erindisbréfi Mennta- og menningarmálaráðuneytis til úttektaraðila dags. 28.02.2010 kemur fram að úttektin skuli m.a.:

1. Meta hvernig samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla í Súðavík hefur reynst.
2. Meta stjórnun, skipulag kennslu, námsmarkmið og kröfur og fyrirkomulag námsmats.
3. Meta hvernig innra mat skólanna nýtist til umbótastarfs.
4. Meta hvernig eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi nýtist skólanum.
5. Lýsa helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins.
6. Setja fram rökstuddar og raunhæfar tillögur um aðgerðir til úrbóta.

Niðurstöður matsins leiða í ljós að samrekstur leik-, grunn- og tónlistardeild í Súðavík hefur reynst vel og er í samræmi við aðalnámskrár leik- og grunnskóla. Súðavíkurskóli vinnur eftir stefnu *Uppeldis til ábyrgðar* og hefur hún skilað skólanum margvíslegum ávinningi. Kennarar, starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa fengið markvissa kennslu í uppeldisstefnunni sem hefur skilað góðum árangri. Vinna við skólanámskrá er vel á veg kominn og hefur skólinn þróað í samvinnu við Mentor náms- og hæfnimarkmið í ákveðnum fögum. Námsmat er fjölbreytt og kennarar gera marklista samhliða prófum, þannig er staða hvers nemenda greind og viðmið sett. Skólanámskrá leikskólans er í vinnslu.

Styrkleikar Súðavíkurskóla liggja m.a. í samrekstrinum, uppeldisstefnu hans, samvinnu leik- og grunnskólakennara, háu hlutfalli réttindakennara við grunnskólann og stuðningi fræðslunefndar. Helstu veikleikar skólans eru skortur á markvissu innra mati, samræmd skólanámskrá leik- og grunnskóla liggur ekki fyrir, lítil tónmenntakennsla er í 3.-10. bekk, margir nemendur með sérþarfir í 4.-7. bekk og sérkennara vantar. Einnig er veikleiki að hvorki er skólaráð né nemendaverndarráð við skólann. Upplýsingaflæði til foreldra í gegnum Mentor er ekki nægilegt og skortur er á faglegum upplýsingum á heimasíðu. Veikleikar leikskólans felast m.a. í að fáir réttindakennarar starfa við skólann.

Lagt er til að skólinn ljúki við skólanámskrá fyrir leikskólann, meti skólastarfið á kerfisbundinn hátt og setji sér skýrar aðgerðir í kjölfarið. Þá verði skólaráð og nemendaverndarráð skipað sem fyrst, upplýsingastreymi til foreldra bætt, aukið verði úrval tónlistarkennslu og íþróttagreina, tekið verði betur á eineltismálum og hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara aukið.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfsemi Súðavíkurskóla og leikskólans Kofrasels. Matið er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir. Svava Bernhard Sigurjónsdóttir veitti höfundum faglega leiðsögn varðandi leikskólann.

Skýrsluhöfundar þakka starfsfólki skólans, nemendum, foreldrum og fræðslunefnd gott samstarf og aðstoð við gagnaöflun á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 14. maí 2010.

Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	4
1. Inngangur	6
2. Gagnaöflun.....	7
3. Súðavíkurskóli	8
3.1 Samrekstur grunn-, leik- og tónlistardeildar	8
3.2 Stefna og markmið Súðavíkurskóla	10
3.3 Rekstur og stjórnun	11
3.4 Mannauður	12
Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun.....	12
Starfsþjálfun og símenntun	13
3.5 Húsnæði og aðbúnaður	14
3.6 Nemendur.....	15
3.7 Ytri tengsl.....	15
4. Námsskipulag.....	16
4.1 Skólanámskrá.....	16
4.2 Skipulag kennslu og námsaðferðir.....	17
4.3 Fjöldi nemenda og viðvera.....	18
4.4 Stoðþjónusta.....	20
4.4 Tónlistarkennsla.....	20
5. Námsmat	20
5.1 Námsmat í Súðavíkurskóla	21
6. Innra mat skólans	22
7. Hvernig hefur samrekstur leik-, grunn- og tónlistardeildar Súðavíkur reynst?	24
7.1 Mat höfunda	26
8. Hvernig hefur stjórnun, skipulag kennslu, námsmarkmið og kröfur og fyrirkomulag námsmats reynst?	27
8.1 Mat höfunda	29
9. Hvernig hefur innra mat skólanna nýst til umbótastarfs?	31
9.1 Mat höfunda	31
10. Hvernig hefur eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi nýst skólunum?	32
10.1 Mat höfunda	32
11. Helstu styrkleikar og veikleikar skólans, ógnanir og tækifæri	33
12. Tillögur að aðgerðum.....	34
13. Niðurstöður	35
14. Heimildir	37

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Súðavíkurskóla og leikskólans Kofra. Súðavíkurskóli samanstendur af þremur skólagerðum þ.e. grunnskóla, leikskóla og tónlistardeild með einum skólastjóra. Skólinn er einsetinn með 36 nemendum í 1. – 10. bekk. Fimm ára nemendum er kennt í 13 stundir á viku með 1. og 2. bekk. Heildarstöðugildi í grunnskólanum eru 5,2 og er þá skólastjóri eitt stöðugildi sem tekin var af 10 tíma kennsluskylda en hefur farið meira í afleysingar.

Leikskólinn er einnar deildar og þar dvelja 16 börn á aldrinum eins til fimm ára, flest í heilsdagsdvöl. Leikskólinn tók til starfa árið 1986 en eftir snjóflóðin 1995 var byggðin flutt á öruggt svæði og fluttist leikskólinn í Súðavíkurskóla. Þessar sérstöku aðstæður urðu upphafið að nánara samstarfi leik- og grunnskóla en áður þekktust. Heildarstöðugildi við leikskólann eru 3,4, þ.a. 0,5 stöðugildi stjórnenda.

Tónlistardeild var áður rekin sem útibú frá Tónlistarskóla Ísafjarðarbæjar en í dag er skólinn deild innan grunnskólans og menntaður tónlistarkennari án kennsluréttinda sér um kennsluna.

Í erindisbréfi Mennta- og menningarmálaráðuneytis til úttektaðila dags. 28.02.2010 kemur fram að úttektin skuli m.a.:

1. Meta hvernig samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla í Súðavík hefur reynst.
2. Meta stjórnun, skipulag kennslu, námsmarkmið og kröfur og fyrirkomulag námsmats.
3. Meta hvernig innra mat skólanna nýtist til umbótastarfs.
4. Meta hvernig eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi nýtist skólanum.
5. Lýsa helstu styrkleikum og veikleikum skólustarfsins.
6. Setja fram rökstuddar og raunhæfar tillögur um aðgerðir til úrbóta.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf, Árnýju Elíasdóttur og Ingunni Björk Vilhjálmsdóttur að gera úttekt á námi í skólunum. Í þessari skýrslu er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum. Síðan er gerð grein fyrir starfsemi Súðavíkurskóla og sögu samreksturs skólanna. Þá eru niðurstöður kynntar út frá hverjum úttektarþætti fyrir sig og gerð grein fyrir styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta og samantekt á niðurstöðum.

2. Gagnaöflun

Úttektaraðilar heimsóttu skólann tvisvar sinnum. Tekin voru viðtöl við skólastjóra og deildarstjóra leikskólans, fundað með rýnihópi þriggja kennara af öllum skólastigum ásamt tónlistarkennara, fundað með rýnihópi annars starfsfólks, rýnihópi átta nemenda af öllum skólastigum grunnskólans, rýnihópa fjögurra foreldra og fundað með tveimur fulltrúum úr fræðslunefnd. Þátttakendur á fundunum voru alls 24 og stóð hver fundur í um klukkustund og við skólastjórnendur í um tvo tíma. Markmiðið með viðtölum, rýnihópum, fundum og heimsóknum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila skólastarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem úttekt ráðuneytisins beindist að.

Auk ofangreindra viðtala, rýnihópa, funda og vettvangsskoðunar byggir úttektin á eftirfarandi gögnum:

1. Aðalnámskrá grunnskóla 2006.
2. Ársskýrsla leikskólans 2008.
3. Göngum yfir brúnna. Lokaskýrsla Þróunarverkefnis í Súðavíkurskóla (2009).
4. Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson (2007). *Uppeldi til ábyrgðar. Uppbygging sjálfsaga*. Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun. Prentútgáfa. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
5. Könnun á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla og grunnskóla. Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.
6. Lög nr.91/2008 um grunnskóla.
7. Lög nr. 90/2008 um leikskóla.
8. Mat á starfi Leikskólans í Súðavík, skýrsla unnin fyrir Súðavíkurrepp. Mars 2006
9. Minnispointar vegna stefnumótunar Súðavíkurskóla. Unnið í Heydal 3. og 4. október 2008.
10. Vísir. Súðavíkurskóli 2009-2010.
11. Vísir. Súðavík, september 2009.
12. Sjálfsmatsskýrsla leikskólans 2008.
13. Starfsmannahandbók Súðavíkurskóla 2009.
14. Ýmis gögn á rafrænu formi frá skólastjórnendum.

3. Súðavíkurskóli

Skólahald í Súðavík hófst árið 1891. Leikskólinn tók til starfa árið 1986. Súðavíkurskóli samanstendur í dag af þremur skólagerðum með einum skólastjóra þ.e. grunn-, leik- og tónlistardeild. Frá árinu 1996 hafa skólarnir verið undir sama þaki.



Grunnskólinn er einsetinn 9 og ½ mánaða skóli með 36 nemendum í 1. – 10. bekk. Fimm ára nemendum (0.bekkur) er kennt í 13 stundir á viku með 1. og 2. bekk. Nemendum er kennt í þremur námshópum og eru tveir til þrjár árgangar í hverjum. Starfshættir teljast til sveigjanlegra starfshátta. Með því er tekið tillit til þess að einstaklingarnir séu misjafnir. Starfsmenn skólans eru sjö í 5,2 stöðugildum en alls koma að skólastarfinu 10 starfsmenn. Skólastjóri grunnskólans ber ábyrgð á leik-, grunn- og tónlistardeild.

Leikskólinn Kofrasel er einnar deildar leikskóli og tók til starfa í núverandi húsnæði árið 1996. Í leikskólanum dvelja 16 börn á aldrinum eins til fimm ára, flest í heilsdagsdvöl. Frá 1. september 2005 hefur leikskólinn verið gjaldfrjálst í allt að sex klst. á dag. Elstu börnum leikskólans stendur til boða að taka þátt í samkenndu með yngstu börnum grunnskólans í allt að 4 klst. á dag. Í samkenndu er boðið upp á bóklegt og verklegt nám auk íþróttar. Í samkennslutímum fléttast saman leikur og nám þar sem kennarar leik- og grunnskóla eru jafn rétt háir. Deildarstjóri leikskólans er staðgengill skólastjóra. Heildarstöðugildi í leikskólanum eru 3,4, þ.a. eru stöðugildi vegna stjórnunar 0,50. Deildarstjóri leikskólans hefur verið við skólann frá árinu 2007.

Tónlistardeild var áður rekin sem útibú frá Tónlistarskóla Ísafjarðarbæjar en í dag er skólinn deild innan grunnskólans og við kennslu er menntaður tónlistarmaður en án kennsluréttinda. Skólaárið 2009-2010 er kennt á píanó og eru 13 nemendur í námi, auk tónmenntar í 1.-2. bekk.

3.1 Samrekstur grunn-, leik- og tónlistardeildar

Eftir snjóflóðin 1995 var byggðin flutt á öruggt svæði og fluttist leikskólinn í Súðavíkurskóla. Þessar sérstöku aðstæður urðu upphafið að nánari samstarfi leik-, grunn-, og tónlistardeildar en áður þekktust. Nokkrar ástæður lágu á bak við ákvörðun um samrekstur. Skólafyrirvöld höfðu áhuga á að einn aðili hefði yfirumsjón með rekstri skólanna sem ætti að leiða til betri reksturs, bæði faglega og fjárhagslega. Áhugi var á að búa til heildarnám fyrir alla nemendur skólastiganna og bæta tónlist inn í leikskólann.

Markmið með hagræðingu í rekstri skólanna tveggja var að minnka starfsmannaveltu, auka gæði skólastarfsins og minnka rekstrarkostnað án þess að það kæmi niður á faglegu starfi. Leiðir Súðavíkurskóla að samrekstri leik-, grunn-, og tónlistardeildar voru m.a. að útbúa samræmda endurmenntunaráætlun, nýta mannauð skólanna betur og auka flæði starfsmanna milli skólanna, fjárhagsáætlun yrði sameiginleg að hluta og samnýting á búnaði, innkaupum og aðstöðu.¹

Þegar leikskólinn flutti í nýtt húsnæði árið 1996 var hafist handa við að koma á markvissu samstarfi leik- og grunnskóla undir heitinu *Heiltækur skóli*. Var í því verkefni horft til samkennslu leik- og grunnskólakennara og samvinnu starfsfólks skólanna. Byrjað var á verkgreinum, íþróttum og myndmennt þar sem elstu börn leikskólans svokallaður 0. bekkur naut samkennslu í grunnskólanum. Í dag hefur þetta þróast í 13 stunda samkennslu í bóklegum og verklegum greinum með 1. og 2. bekk. Lögð er áhersla á að þau kynnist grunnþáttum skólastarfsins og þeim hefðum sem tengjast Súðavíkurskóla. Samkennslan er unnin í samvinnu leik- og grunnskólakennara.

Farið var af stað með sérstakt þróunarverkefni *Göngum yfir brúnna* í tengslum við sameininguna og sem lokaverkefni í stjórnunarnámi skólastjóra. Verkefnið hófst í júní 2007 og var það til tveggja ára. Sú breyting sem varð á starfsemi skólanna eftir að ákvörðun um þróunarverkefni var tekið, var sú ákvörðun sveitarstjórnar að sameina allar þrjár skólastofnanir formlega í eina.

Markmið verkefnisins voru tvö²:

- a) Að auka samvinnu og samstarf leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í þeim tilgangi að ná fram meiri samfelli í nám og starfi allra sem að skólanum koma, bæði nemenda og starfsmanna, til hagsbóta fyrir skólastarfið í heild.
- b) Að innleiða *Uppbyggingu sjálfsaga* í skólastarfinu í þeim tilgangi að auka samvinnu starfsmanna og bæta starfsumhverfi nemenda.

Í upphafi verkefnis var hver skóli með eigin uppeldisstefnu. Í ljósi þessa langaði stjórnendur og starfsmenn til að reyna að mynda betri heild í skólastarfinu með því að taka upp sameiginlega stefnu fyrir allar þessar þrjár undirstofnanir skólans. Sú uppeldisstefna sem varð fyrir valinu var *Uppeldi til ábyrgðar - Uppbygging sjálfsaga* sem er hugmyndafræði sem byggir á kenningum og störfum Williams Glasser og Diane Gossen.

Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. Lögð er

¹ Starfmannahandbók Súðavíkurskóla, 2009, bls. 5.

² Göngum yfir brúnna. Lokaskýrsla Þróunarverkefnis í Súðavíkurskóla, bls. 2.(2009).

áhersla á að styðja starfsmenn skóla við að móta sér skýra stefnu um samskipti og agamál. Um er að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum. Hugmyndafræðin hefur áhrif á kennsluhætti, stjórnunarhætti, bekkjarstjórnun, áherslur í lífsleiknikennslu og meðferð agamála³. Starfsmenn þurftu m.a. að koma sér saman um gildi og starfsviðmið af ýmsu tagi. Verkefninu var beint til tveggja ára barna leikskóla og upp til tíunda bekkjar nemenda grunnskólans. Hver umsjónarkennari kom að þessari samkenndu ásamt kennara frá leikskólanum.

Starfsmenn Súðavíkurskóla sóttu námskeiðið *Control Theory* hjá Diane Gossen. Allt skólaárið 2007 – 2008 hittust starfsmenn leikskóla og grunnskóla reglulega í leshópum og lásu saman bækur um þessar kenningar. Farið var í skólaheimsóknir og frekari námskeið og kynningar voru haldnar fyrir foreldra og aðra í skólasamfélaginu. Markmið verkefnisins var að láta uppbyggingarstefnuna sameina hugmyndafræði skólanna.

3.2 Stefna og markmið Súðavíkurskóla

Súðavíkurskóli samanstendur af leik-, grunn-, og tónlistarskóla og með einum stjórnanda deildirnar eru aðskildar fjárhagslega.

Fræðslu- og tómsbundanefnd Súðavíkur kom að gerð nýrrar skólastefnu leik- og grunnskólans, undir heitinu *Skólastefna Súðavíkurskóla*. Í vinnuhópnum sátu auk nefndarinnar, fulltrúar kennara, starfsmanna, skólastjóri og sveitarstjóri. Stefnan mótast af hugmyndafræði *Uppbyggingarstefnunnar*. Lögð er áhersla á virðingu, þolinmæði, snyrtimennsku og gleði. Það er m.a. leið leikskólans af þeim markmiðum sem Aðalnámskrá leikskóla setur fram⁴. Skólastefnan hefur ekki verið endanlega samþykkt af sveitarstjórn Súðavíkur.

Drög að skólastefnu Súðavíkurskóla er eftirfarandi: *Í samræmi við 2. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 er hlutverk Súðavíkurskóla, í samvinnu við heimilin að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellndri þróun. Starfshættir Súðavíkurskóla, skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal Súðavíkurskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.*⁵

Í stað skólareglna hefur starfsfólk skólans komið sér saman um ákveðin lífsgildi sem leiða til góðra samskipta, vellíðunar og góðrar umgengni. Þessi lífsgildi eru:⁶

³ Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson. (2007). Uppeldi til ábyrgðar. Uppbygging sjálfsaga. *Netla - Veftímarit um uppleldi og menntun*. Prentútgáfa. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

⁴ Sjálfsmatsskýrsla leikskólans, bls.3.

⁵ Minnispointar vegna stefnumótunar Súðavíkurskóla, bls. 2. Unnið í Heydal 3. og 4. október 2008.

⁶ Vísir. Súðavíkurskóli 2009-2010.

- Velliðan (felur í sér viðurkenningu, gleði og góðan starfsanda).
- Virðing (sem felur í sér vandvirkni, tillitssemi og traust).
- Heiðarleiki (sem felur í sér hreinskilni, sáttfýsi og samstöðu).
- Framfarir (sem felur í sér framvindu í námi, starfi, samskiptum og leik).
- Skýr mörk (Í Súðavíkurskóla ætlum við að standa saman um að stöðva yfirgang, dónaskap, einelti og ofbeldi).

Súðavíkurskóli er með skriflega vímuverndarstefnu sem kynnt er í skólanámskrá sem send er inn á öll heimili. Jafnréttisáætlun Súðavíkurskóla liggur fyrir og nær hún til nemenda og starfsmanna. Skólanámskrá sem og jafnréttisáætlun eru á heimasíðu skólans.

Markmið Súðavíkurskóla er að búa til samfellu í skólagöngu barna frá því þau byrja í leikskóla og þar til þau útskrifast úr grunnskóla. Leiðir Súðavíkurskóla að markmiðum eru eftirfarandi:

- 0. bekkur er í samkenndu með 1., 2. og 3ja bekk 12 stundir í viku með leik- og grunnskólakennara
- Kennarar leik- og grunnskóla skipuleggja verkgreinatíma fyrir börn að 3ja ára aldri.
- Öll leikskólabörn eru í hreyfistundum í Íþróttahúsinu.
- Nemendur á yngsta stigi grunnskólans eru velkomin í heimsókn í leikskólann utan skólatíma.
- Sameiginleg þátttaka í öllum uppákomum í skólanum t.d. gróðursetningu, norræna skólahlaupinu, árshátíð, þorrablóti og jólagríni.

Markmið með innleiðingu uppbyggingarstefnunnar var að búa til gæðaskóla sem uppfyllir þarfir nemenda, kennara og annarra starfsmanna og búa til sameiginlegan stjórnunarstíl í leik-, tónlistar- og grunnskóla. Áætlun Súðavíkurskóla til að ná markmiðum eru eftirfarandi:

- Sameiginlegt þróunarverkefni leik- og grunnskóla til 5 ára sem inniheldur innleiðingu uppbyggingarstefnunnar í skólasamfélaginu.
- Að efla vitund allra nemenda um eigið nám, auka þekkingu og skilning þeirra á þeim möguleikum sem þeir hafa, hvetja þá til að nýta námstíma sinn vel og nýta vel tilboð um aðstoð og aðstöðu. Einnig að hvetja nemendur til að taka ábyrgð á eigin hegðun og framkomu og verða með því betri manneskjur.
- Hver starfsmaður skoði sig vel og geri upp við sjálfan sig; hver er ég og hvernig vil ég vera
- Sameiginlegir foreldrafundir þar sem kynningar, upplýsingar og skoðunarskipti eru höfð að leiðarljósi.⁷

3.3 Rekstur og stjórnun

Rekstur Súðavíkurskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélags Súðavíkur. Fræðslu- og tómstundanefnd er starfandi skv. lögum um grunnskóla um skólanefnd.⁸ Í nefndinni sitja þrír fulltrúar sem tilnefndir eru af sveitarstjórn auk fulltrúa foreldra og fulltrúa kennara. Skólaráð er ekki við skólann.

⁷ Vísir. Súðavíkurskóli 2009-2010.

⁸ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 6.gr.

Skólastjóri ber stjórnunarlega ábyrgð á leik-, grunn-, og tónlistardeild. Deildarstjóri leikskólans heyrir undir skólastjóra og er jafnframt staðgengill skólastjóra. Starfsfólk notar kenningu *Uppeldis til ábyrgðar* í stjórnun og samskiptum og að mati allra sem rætt var við, eru málin leyst í sameiningu.⁹

Haustið 2009 veiktist skólastjóri og var frá í rúman mánuð og leysti deildarstjóri leikskólans hann af á meðan. Jafnframt fóru tveir af þremur kennurum skólans í veikindaleyfi eftir áramótin. Því hefur verið mikið álag á starfsmenn og kennara skólans í vetur. Skólastjóri og einn almennur starfsmaður þurftu að leysa faglærða kennara af tímabundið eftir áramótin. Starfsmenn leikskólans hafa leyst af í grunnskólanum, einn starfsmaður hefur komið að mynd-, og tónlistarkennslu fyrir 0.,1. og 2. bekk. Ákveðin vinna hefur setið á hakanum, s.s., skólanámskrá leikskólans, sjálfsmat, mat á samrekstrinum o.fl.¹⁰

Mikil samvinna er meðal starfsmanna leik- og grunnskóla. Skólastjóri tekur starfsmannasamtöl við allt starfsfólk skólans. Einn starfsdagur er haldinn árlega með öllu starfsfólki. Kennarafundir eru einu sinni í viku, deildarstjóri leikskólans situr þá fundi, en aðrir starfsmenn ekki. Kennarafundir eru skráðir. Á síðasta skólaári voru reglulega tveggja til þriggja tíma starfsmannafundir með öllu starfsfólki, en þeir hafa verið lagðir niður í vetur vegna sparnaðar. Skólastjóri heldur ½ klst. fundi með starfsmönnum leikskólans einu sinni í viku og leysa þá tónlistarkennari og leiðbeinandi grunnskóladeildar starfsmenn leikskólans af.

Heimild er frá fræðslunefnd að loka leikskólanum kl. 13:00 þrisvar sinnum yfir skólaárið til þess að halda starfsmannafundi.

Deildarstjóri situr fundi með leikskólastjórum á norðanverðum Vestfjörðum einu sinni í mánuði. Deildarstjóri leikskóladeildar hefur nú sagt upp starfi sínu af persónulegum ástæðum. Því liggur fyrir hjá fræðslunefnd að ráða nýjan deildarstjóra frá og með næsta hausti.

3.4 Mannauður

Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun

Starfsfólk grunnskólans eru sjö í 5,2 stöðugildum: skólastjóri, deildarstjóri leikskólans, fjórir kennarar, þar með taldir íþróttakennari, myndmenntakennari, tónlistarkennari, heimilisfræðikennari. Leiðbeinandi kennir handmennt og heimilisfræði í 30% starfi, allir aðrir eru faglærðir. Enginn sérkennari starfar sem slíkur við skólann en kennari sem sinnir kennslu á unglíngastigi er menntaður sérkennari. Í skólanum eru einn stuðningsfulltrúar, enginn skólaliði og einn húsvörur. Talmeinafræðingur kemur einu í mánuði til Súðavíkur. Annars

⁹ Viðtal við stjórnendur og kennara 22.mars 2010.

¹⁰ Viðtal við kennara, 22.mars 2010.

sækir skólinn sérfræðiþjónustu til Ísafjarðar. Kynjahlutfall starfsmanna er tveir karlar og átta konur. Lítil sem engin starfsmannavelta er í skólanum.

Heildarstöðugildi í leikskólanum eru 3,4 og þeim gegna fjórir starfsmenn. Deildarstjóri er með leikskólakennaramenntun og hefur starfað við leikskólann frá árinu 2007. Hann er í 50% stjórnunarstarfi og 50% starfi sem leikskólakennari. Hann ber ábyrgð á daglegu starfi leikskólans. Aðrir starfsmenn leikskólans eru ófaglærðir. Einn starfsmaður hefur unnið í 15 ár í leikskólanum, annar í níu ár og sá þriðji í þrjú ár. Starfsmenn leikskólans hafa leyst af í grunnskólanum, m.a. í myndmennt og tónlist. Starfslýsingar skólastjóra, deildarstjóra leikskólans, almennra starfsmanna og leiðbeinanda á leikskóla liggja fyrir, starfslýsingar kennarar eru skv. kjarasamningi. Tafla 1 sýnir fjölda starfsmanna, stöðugildi og hlutfall faglærðra og ófaglærða.

Tafla 1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og hlutfall faglærðra og ófaglærða

	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi faglærða	Fjöldi ófaglærða
Grunnskóli	7	5,2	6	1
Leikskóli	4	3,4	1	3
Tónlistardeild	1	0,5	0	1
Aðrir starfsmenn	3	3		
Samtals	15	12,1	7	5

Starfspjálfun og símenntun

Ekki liggur fyrir símenntunaráætlun fyrir hvern starfsmann, en skólinn hefur lagt áherslu á í tengslum við innleiðingu *Uppeldis til ábyrgðar* að allir starfsmenn hljóti þjálfun í aðferðafræðinni. Haldnir eru sameiginlegir námskeiðsdagar með öllu starfsfólki einu sinni á ári. Í vetur hafa starfsmenn leikskólans jafnframt verið á vikulegu námskeiði hjá kennara grunnskólans um uppbyggingarstefnuna. Þrír starfsdagar eru fyrir starfsmenn leikskólans. Að mati starfsmanna mætti vera fleiri námskeið í boði varðandi aga og börn með sérþarfir¹¹.

Markmið Súðavíkurskóla með aukinni samvinnu starfsfólks skólanna var að efla starfshópinn og víkka út þá fagþekkingu sem væri til staðar í skólasamfélaginu. Einnig var markmiðið að draga úr fordómum gagnvart þeim mörgu fagstéttum sem starfa innan skólasamfélagsins, þjappa hópnum saman og lyfta upp starfsandanum.

Eitt af markmiðum með samrekstrinum var m.a. að þjappa starfsmannahópnum betur saman. Í dag hafa kennarar leikskólans aðgang að náms- og kennslugögnum grunnskólans og öfugt. Kennarar leik- og grunnskóla sitja saman í leshópum í tengslum við uppbyggingastefnuna, þeir sitja sameiginlega starfsmannafundi fjórum sinnum á ári, taka

¹¹ Viðtal við skólastjórnendur og kennara, 22.mars 2010.

þátt í námskeiðum í tengslum við endurmenntun þegar það á við, eru í sameiginlegu starfsmannafélagi og halda sameiginlegar starfsmannaskemmtanir.¹²

3.5 Húsnæði og aðbúnaður

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi í heimsóknum sínum á vettvangi, einnig var stuðst við gögn frá Súðavíkurskóla. Menntamálaráðuneytið óskaði eftir því við úttektaraðila að hafa aðra þætti í forgangi í þessari skýrslu en húsnæði og aðstöðu, s.s. *samrekstur*, því fylgir hér stutt samantekt út frá vettvangskönnun og þeim gögnum sem höfundar höfðu um húsnæði og aðbúnað.

Húsnæði skólans er samtals 1200m² með íþróttahúsi. Skólahúsnæðið er einnig nýtt fyrir félags- og tómstundastarf eldri borgara. Almennar kennslustofur eru fimm í 600 m². Þær eru vel búnar og nemendur hafa aðgang að tölvum á vinnustöðvum sem og ýmsum tækjum. Heimilisfræði er kennd í eldhúsi skólans og aðstaða til myndmennta- og eðlisfræðikennslu er í sameiginlegri stofu. Handmennt er kennd í sérstakri handmenntastofu. Tónlistarkennslan fer fram í tónlistarherbergi. Íþróttakennsla og þjálfun fer fram í íþróttahúsi Súðavíkur sem er samtengt skólabyggingunni. Sundkennslan er í Sundhöll Ísafjarðar, einu sinni í viku tvo tíma í senn fyrir áramót. Skólalóðin er vel búin leiktækjum og einnig eru tveir malbikaðir boltavellir á lóðinni. Nemendur kvarta hinsvegar yfir að það vanti betri sparkvöll¹³. Fjall og fjara eru í göngufæri og umhverfið býður því upp á göngu- og vettvangsferðir í tengslum við skólastarfið. Þá er mótuneyti staðsett í skólanum fyrir nemendur og starfsfólk. Bókasafn Súðavíkurhrepps er í sama húsnæði.

Leikskólinn hefur til umráða þrjár leikstofur og leikloft, þar sem börnin hvílast. Deildarstjóri leikskólans hefur aðstöðu inn af leikloftinu. Kaffistofa og snyrting starfsmanna er sameiginleg með grunnskólanum. Sameiginleg kaffiaðstaða starfsmanna er nokkuð langt frá leikskólanum. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttasal grunnskólans.

Áhættumat var framkvæmt 11. september 2009. Athugasemdir voru minniháttar. Slökkviliðsstjóri heldur kynningu á brunavörnum fyrir nemendum árlega.

Markmið Súðavíkurskóla er að skólahúsnæðið sé lifandi stofnun stærsta hluta dagsins. Leiðir til að ná þeim markmiðum eru m.a.¹⁴

- Ungmennafélagið Geisli hafi aðgang að Íþróttahúsinu á þeim tíma sem ekki er kennsla.
- Nemendur leikskólans hafa fullan aðgang af íþróttahúsinu þegar ekki er kennsla.
- Nemendur og kennarar leikskólans hafa fullan aðgang af verkgreinastofum þegar ekki er kennsla í grunnskólanum.
- Kennarar leikskólans hafa fullan aðgang að kaffistofu grunnskólans allan daginn

¹² Starfsmannahandbók Súðavíkurskóla, 2009.

¹³ Viðtal við rýnihóp nemenda 23.mars 2010.

¹⁴ Starfsmannahandbók Súðavíkurskóla, 2009, bls.3

- Félagsstarf eldri borgara hefur aðgang að handmenntarstofu eftir skólatíma
- Nemar tónlistarskólans eru í tónlistarkennslu bæði á skólatíma og eftir skólatíma.
- Bókasafn hreppsins er í skólahúsnæðinu og nýtist sem skólabókasafn. Það er opið almenningi einu sinni í viku utan skólatíma.
- Sameiginlegt mötuneyti fyrir alla nemendur og starfsmenn.

3.6 Nemendur

Í Súðavíkurskóla eru 52 nemendur, í grunnskólanum eru 36 nemendur og í leikskólanum 16 börn. Fækkun hefur verið á nemendum á síðustu árum og miðað við þróun íbúafjölda og óbreytt ástand er, að mati skólastjórnenda, gert ráð fyrir að leikskóladeildin verði horfin eftir fjögur ár. Mötuneyti er starfandi í skólanum og eru 83% nemenda í áskrift af hádegismat. Enginn nemandi í 10. bekk stundar fjarnám við framhaldsskóla. Nemendaverndarráð er ekki við skólann.



Nemendafélag er í skólanum og er því ætlað að standa vörð um hagsmuni nemenda og sjá um að skipuleggja félagslíf þeirra. Mikið samstarf er við félagsmiðstöðina á Langeyri. Ekkert brottfall er í skólanum, né undanþágur frá samræmdum prófum.

Eineltisstefna er til í skólanum. Aðgerðaráætlun um eineltismál liggur jafnframt fyrir og er hún kynnt foreldrum.

3.7 Ytri tengsl



Foreldrafélag var stofnað árið 1983. Bekkjarfulltrúar eru í hverjum bekk og sjá þeir um almennar skemmtanir, s.s. þorrablótsundirbúning, jólaföndur, öskudag, árshátíð o.fl. Samskiptakerfið Mentor er notað í samskiptum milli skóla og foreldra í grunnskólanum. Gefin eru út fjögur fréttabréf leikskóladeildar. Námsefniskynning fyrir foreldra er haldin fyrir hverja deild á haustin til kynningar á námi, kennslu og fyrirkomulagi vetrarins. Einn foreldrafundur er haldinn að hausti til kynningar á skólastarfinu á leikskóladeild. Tveir fastir foreldrafundir eru haldnir sitt hvora önnina af hálfu grunnskóladeildar, annars boðar foreldrafélagið til fundar eins oft og þurfa þykir. Tveir fastir foreldradagar eru á leikskóladeild. Nokkrir fastir viðburðir eru í foreldrasamstarfinu, s.s. árlegir feðradagar og mæðradagar,

foreldrafundur er haldinn að hausti til kynningar á skólastarfinu á leikskóladeild. Tveir fastir foreldrafundir eru haldnir sitt hvora önnina af hálfu grunnskóladeildar, annars boðar foreldrafélagið til fundar eins oft og þurfa þykir. Tveir fastir foreldradagar eru á leikskóladeild. Nokkrir fastir viðburðir eru í foreldrasamstarfinu, s.s. árlegir feðradagar og mæðradagar,

árleg foreldraviðtöl, foreldramorgunkaffi á leikskóladeild. Foreldrar fá skólanámskrá senda heim á haustin, sem og bekkjarnámskrá síns barns.¹⁵

Flestir foreldrar sóttu námskeið í Uppbyggingarstefnunni í vetur, en námskeiðið var haldið af skólastjóra og einum kennara skólans. Námskeiðið hófst á sérstöku pabbanámskeiði og var 98% mæting, síðan komu mæðurnar kvöldið eftir, en næstu þrjú skipti mættu foreldrar saman á námskeiðið. Boðið var upp á kaffi og meðlæti ásamt barnagæslu öll skiptin.

Skólatannlæknir starfar á heilsugæslunni á Ísafirði. Skólahjúkrunarfræðingur er á heilsugæslustöðinni í Ísafirði. Súðavíkurskóli er með þjónustusamning við Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðar. Á henni starfa talmeinafræðingur, grunnskólafulltrúi, skólasálfræðingur o.fl. Einnig starfar félagsfræðingur í Súðavíkurhreppi.

Nemendur í elstu bekkjum sækja verklega valáfanga í Menntaskólann á Ísafirði. Einnig er boðið upp á fjármálakennslu í boði Sparisjóðsins einu sinni í viku fyrir 8. – 10. bekk.

4. Námskipulag

4.1 Skólanámskrá

Skólanámskrá grunnskólans liggur fyrir. Að mati kennara, var skólinn einn af fyrstu skólum landsins sem innleiddi skólanámskrá. S.l. tvö ár hefur skólinn tekið þátt í þróunarstarfi á skólanámskránni með Mentor. Kennararnir skrifuðu niður þætti aðalnámskrár inn í skólanámskrána í Mentor og aðlöguðu hana að skólanum. Þekkingar- og hæfnipættir hafa verið skilgreindir á hverju námssviði í íslensku. Þrepamarkmið eru skilgreind í hverjum áfanga frá 1.-10. bekk. Markmiðið er að tengja námsframvindu nemenda við aðalnámskrá í framtíðinni.¹⁶ Skólanámskráin er unnin á hverju hausti. Hún skiptist í almennan hluta, bekkjarvísa og kennarahandbók. Almenni hlutinn og bekkjarvísar eru hugsaðir fyrir foreldra og nemendur og eru send heim við upphaf hvers skólaárs. Árangursviðmið liggur fyrir í skólanámskrá hvort nemandi hafi lokið einstökum námsgreinum og námssviðum. Mat á skólanámskrá og námsmati er í samstarfi við Mentor.

Skólanámskrá leikskólans er í vinnslu, en bekkjarnámskrá fyrir 0.bekk (5. ára börn) liggur fyrir. Vísir að skólanámskrá leikskólans kom fyrst út árið 1999. Deildarstjóri leikskólans kemur aðallega að gerð skólanámskrár. Markmiðið er að gefa út eina heildar skólanámskrá fyrir leik-, og grunnskóla árið 2010. Engin þróunarverkefni hafa verið unnin í leikskólanum.

Uppeldis- og námssvið leikskólans eru: umönnun og daglegar venjur, leikurinn, mál og málörvun, myndsköpun og myndmál, tónlist – hljóð og hreyfing, náttúran, samfélagið. Markmið leikskólans eru að efla sjálfsmynd barna, barnið öðlist virðingu og viðurkenningu og

¹⁵ Viðtal við foreldra, 23.mars 2010

¹⁶ Viðtal við kennara, 22.mars 2010.

læri að treysta á eigin verðleika, að barnið finni öryggi og læri að taka frumkvæði og sýni tillitsemi, að barnið læri að móta sínar eigin skoðanir, koma þeim á framfæri og taka á móti skoðunum annarra, að styrkja þau fyrir skólagöngu með samkennslu.

Í uppkasti að skólanámskrá leikskólans kemur fram ítarleg lýsing á hefðum leikskólans. Þar er gerð góð skil á t.d. afmæli barnanna, degi leikskólans, þorablóti, árhátíð, útdegi, útskriftarferð, leikjadegi, skólaslitum, lambaferð, sumarhátíð, degi íslenskrar tungu, foreldramorgunkaffi, jólaferð til Ísafjarðar, jólagríni og litlu jólunum.

4.2 Skipulag kennslu og námsaðferðir

Starfshættir í Súðarvíkurskóla teljast til sveigjanlegri starfshátta. Reynt er að aðlaga skólastarfið að þörfum nemenda eins og kostur er. Sveigjanleiki í skólastarfi helgast af því að fáir nemendur eru í skólanum, samkennsla er í 1. og 2. bekk, 4.-7. bekk og 8.-10. bekk. Þar sem nemendum á misjöfnum aldri og með ólíkan þroska er blandað saman í hópa er séð til þess að hver einstaklingur fái námsefni við sitt hæfi.¹⁷ Innleiðing á *Uppeldi til ábyrgðar* hefur kallað á endurskipulagningu samskipta í skólanum. Áhersla er lögð á að tengja námið bæði reynslu og umhverfi nemenda. Litið er á nemendur sem sjálfstæða einstaklinga sem hafa ákveðin réttindi og jafnframt skyldur við sjálfa sig og aðra og þeim sýnt traust. Lögð er áhersla á að nemendur og kennarar geri húsakynni skólans vistleg.¹⁸

Heimavinna er frá upphafi skólagöngu. Dagleg samskipti milli skóla og heimila fara mikið fram með Skólakompunni eða dagbókum þ.s. fram koma vikulegar áætlanir nemenda. Foreldrar kvitta fyrir daglega, fari heimanám fram heima. Yngstu börnin lesa heima daglega. Heimanámstímar eru tvisvar í viku á stundatöflu nemenda í 4. – 10. bekk¹⁹. Skólinn hefur sett sér þá stefnu að heimanám fari að mestu leyti fram í skólanum. Skólinn er opin og nemendur geta nýtt aðstöðuna við heimalærdóm. Nemendur í 8.-10. bekk eiga kost á að velja nokkra áfanga frá Menntaskólanum á Ísafirði.

Bekkjarvísir er til fyrir fimm ára börnin, en þau eru í samkennslu með 1.og 2.bekk. Samkennsla leikskólans með grunnskólanum hófst strax eftir flóð, árið 1995, en árið 1997 var formlega gengið frá samkennslunni. Í upphafi vantaði sýn leikskólans á samkennsluna. Í dag hefur verið tekið á því og fimm ára börnin eru á ábyrgð kennara grunnskólans. Einnig hefur verið bætt inn dægradvöl eftir skóla og frístundaskóla á sumrin fyrir yngstu grunnskólabörnin. Samkennslufögin eru íslenska, stærðfræði, tónmennt, lífsleikni, íþróttir, myndmennt og handmennt. Deildarstjóri leikskólans sér um kennslu í heimilisfræði og tölvum. Hann eða einhver annar starfsmaður leikskóladeildar fylgir 0. bekk (skólahópi) í flestar kennslustundir í grunnskólanum. Hann kennir jafnframt 0.,1., og 2. bekk stærðfræði

¹⁷ Viðtal við skólastjórnendur 22.mars 2010.

¹⁸ Vísir. Súðavík, september 2009.

¹⁹ Vísir. Súðavíkurskóli 2009-2010.

sex tíma í viku. 0. bekkur fer í sundkennslu með grunnskólabörnunum í eitt skipti og þá í fylgd með foreldrum. Í lok hvers vetrar er gefin umsögn sem byggist á vinnu, ástundun og hegðun²⁰.

Dagskipulag leikskólans 2009-2010 Á betur heima í kaflanum um skipulag

7:45	Leikskólinn opnar
8:30	Hópatími
9:30	Ávextir og söngur
10:00	Val
11:00	Útivera
12:00	Hádegismatur og hvíld
12:45	Söngur og val
14:00	Útivera
15:00	Síðdegishressing
15:30	Samverustund
16:00	Frágangur og lokun



Í starfsmannahandbók leikskólans kemur fram nákvæm lýsing á hverjum þætti fyrir sig í dagskipulagi skólans. Lögð er áhersla á sjálfhjálp og notalegt andrúmsloft í upphafi dags. Í hópatíma er einn hópstjóri ábyrgur fyrir sínum hóp, hann ber ábyrgð á að tengja verkefni við markmið og námsþætti aðalnámskrá leikskóla. Í vali velja börnin sér ákveðin leiksvæði til að leika á, leikurinn er frjálst að öðru leyti. Einn starfsmaður stjórnar valinu hverju sinni. Útivera er á stundaskrá fyrir og eftir hádegi.

4.3 Fjöldi nemenda og viðvera

Nemendur í grunnskólanum eru 36, þ.a. 22 drengir og 14 stúlkur. Í flestum árgöngum eru 1-2 nemendur, enginn nemandi er í 3. bekk. Í grunnskólanum tekur stundaskrá mið af grunnskólalögum og reglugerðum. Kennslustundir eru 110 á mánuði og þar af eru 11 stundir vegna samstarfsverkefnis leik- og grunnskóla. Skóladagarnir eru 180 talsins. Skólatímabilinu er skipt í tvær annir og lýkur hvorri önn með prófum og foreldradegi. Starfsdagar og undirbúningsdagar kennarar eru 13, átta utan hefðbundins skólatíma og fimm á skólatíma. Þessa fimm skóladaga fellur niður hefðbundin kennsla. Umsjónakennarar eru með hverjum hópi. Fagkennarar koma inn eftir þörfum.

Fjöldi barna í leikskólanum eru 16 börn, sjö drengir og níu stúlkur, á aldrinum eins árs til fimm ára. Eitt barn er á aldrinum eins til tveggja ára, eitt barn á aldrinum tveggja til þriggja,

²⁰ Ársskýrsla leikskólans 2008, bls. 22.

þrjú börn á aldrinum þriggja til fjögurra, fjögur börn á aldrinum fjögurra til fimm ára og tvö börn á aldrinum fimm til sex ára. Barngildi í leikskólanum eru samtals 19,6. Dvalartími er sveigjanlegur og er frá fjórum tímum og upp í átta tíma daglega. 13 börn eru í sjö til átta tíma dvöl og þrjú börn eru í fjögurra til sex tíma dvöl.

Aðalnámskrá grunnskóla setur viðmið um fjölda kennslustunda í námsgreinum. Tafla 2 sýnir viðmiðunarstundaskrá ²¹ en tafla 3 sýnir skiptingu kennslustunda í Súðavíkurskóla.

Tafla 2. Viðmiðunarstundaskrá

Námssvið	1.–4. bekkur (mín)	5.–7. bekkur (mín)	8.–10. bekkur (mín)	Vikulegur kennslutími alls í mínútum
Danska		120	440	560
Enska	40	240	400	680
Heimilisfræði	160	240	80	480
Hönnun og smíði	160	120	40	320
Íslenska	960	600	600	2160
Íþróttir – líkams- og heilsurækt	480	360	360	1200
Listgreinar	640	480	160	1280
Lífsleikni	40	120	120	280
Náttúrufræði og umhverfismennt	320	360	360	1040
Samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði	480	440	280	1200
Stærðfræði	800	600	600	2000
Upplýsinga- og tæknimennt	160	120	40	320
Val	560	400	960	1920
Vikustundir alls	4800	4200	4440	13440

Tafla 3. Skipting kennslustunda í Súðavíkurskóla

Námssvið	1.–4. bekkur (mín)	5.–7. bekkur (mín)	8.–10. bekkur (mín)	Vikulegur kennslutími alls í mínútum
Danska		120	440	560
Enska	40	240	480	760
Heimilisfræði	160	160		320
Hönnun og smíði			180	180
Íslenska	1080	720	720	2520
Íþróttir – líkams- og heilsurækt	480	360	360	1200
Listgreinar	880	480	240	1600
Lífsleikni	160	120	120	400
Náttúrufræði og umhverfismennt	360	360	360	1080
Samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði	520	480	360	1360
Stærðfræði	960	720	720	2400
Upplýsinga- og tæknimennt	320	240	240	800
Val	80	240	520	840
Vikustundir alls	5080	4240	4740	14060

Alls eru fjöldi kennslustunda á viku í Súðavíkurskóla 620 mínútum fleiri en skv. viðmiðunarstundaskrá. Flest fögin eru með fleiri kennslustundir, en þó eru færri kennslustundir í heimilisfræði, hönnun og smíði og vali.

²¹ Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls. 14.

4.4 Stoðþjónusta

Skv. lögum um grunnskóla skulu sveitarfélög tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum.²² Stuðningsfulltrúi sér um sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og talkennara. Um er að ræða einstaklingskennslu eða kennslu fárra nemenda samtímis. Kennslan fer ýmist fram innan eða utan bekkjarins og sérkennsluherbergi er í skólanum. Nokkuð er um að nemendur frá öðrum sveitarfélögum komi tímabundið í skólann af ýmsum ástæðum. Skólinn leggur mikla áherslu á að börnunum líði vel og kennarar leggja sig fram við að aðstoða þau eftir bestu getu²³. Í ár eru sjö börn með greiningu og þar af eru fimm þeirra í 4.-7. bekk.

Móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur er til í skólanum en ekki er mikið um nemendur sem ekki tala íslensku. Nemendur fá aðgang að náms- og starfsráðgjafa frá Ísafirði.

4.4 Tónlistarkennsla

Tónmennt er kennd í 1. og 2. bekk Súðavíkurskóla. Tónlistarleiðbeinandi tekur þátt í námskrárgerð með öðrum kennurum en þeir bæta þar við tónlist o.fl. Mikið samspil er milli leik- og grunnskólans. Til dæmis taka leikskólabörnin þátt í skemmtiatriðum með grunnskólanum. Tónlistarleiðbeinandi kennir 13 nemendum skólans á píanó og eru þeir teknir úr tíma, eftir veltitöflu.

5. Námsmat

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 27. gr. um námsmat:

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.²⁴

Aðalnámskrá setur skólum almenn viðmið sem hverjum skóla er skylt að útfæra nánar í skólanámskrá „með tilliti til þess nemendahóps sem stundar nám í skólanum sem og þeirra kennsluhátta sem skólinn aðhyllist.“ Áfangamarkmið eru meginviðmið í öllu skólastarfi og „mynda einnig grundvöll lögboðinna samræmdra prófa auk þess að vera viðmið við skólanámskrárgerð, í þróunarstarfi, við námsgagnagerð og mat á skólastarfi“. Þar segir einnig að í skólanámskrá skuli sýna „hvernig skólinn útfærir þrepamarkmið einstakra

²² Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 40 gr.

²³ Viðtal við skólastjórnendur, 22.mars 2010.

²⁴ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.

námsgreina“ og að „gerð sé rækileg grein fyrir námsmatsreglum skóla og vitnisburðarkerfi í skólanámskrá.“²⁵ Um matsaðferðir segir svo í aðalnámskrá:

*Þær verða að hæfa markmiðunum og endurspeгла áherslur í kennslu. Þess er enginn kostur að meta námsgengi og framfarir eingöngu með prófum og öðrum formlegum aðferðum. Mörg markmið eru þess eðlis að einungis óformlegum aðferðum verður við komið. Niðurstöður námsmats verða því að byggjast jöfnum höndum á óformlegu mati kennara og á formlegum aðferðum, s.s.prófum og könnunum.*²⁶

5.1 Námsmat í Súðavíkurskóla

Námsmat tekur mið af ástundun nemenda, heimavinnu, könnunum, virkni og prófum í lok hvorrar annar. Sérstök áhersla er lögð á að gera námsmat í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku og dönsku eins markvisst og kostur er. Kennarar gera marklista samhliða prófunum í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku og skrá niðurstöður inn á þá. Þannig er staða hvers nemanda greind og viðmið sett. Að öðru leyti er bent á bekkjarnámskrár²⁷.

Samræmd próf eru hjá 4. og 7. bekk. Nemendur í 10. bekk eru hvattir til að taka lokapróf til að sjá hvar þeir standa. Frávik geta verið hverju sinni en allir eru hvattir til þess að taka prófin í stað þess að segja sig úr þeim Engin frávik eru við próftöku. Kennarar taka niðurstöður úr samræmdu prófunum inn í marklistana. Markmiðið með samræmdu prófunum er einnig að nota þau sem greiningarmat, en annars er námsmatið mjög einstaklingsmiðað. Á síðasta ári tóku 10. bekkingar samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku.

Meðaleinkunn skólans á samræmdu prófum í 4. og 7. bekk í stærðfræði október 2008 var eftirfarandi:

Próf	Fjöldi þátt.	Meðal-einkunn	Normaldreifð fyrir Vestfirði	Normaldreift einkunn fyrir landið allt	Lands-meðaltal	Meðaltal fyrir Vestfirði
Samræmd próf í 4. bekk	4	5,5	29,2	30	6,8	6,7
Samræmd próf í 7. bekk	5	4,2	26,6	30	6,5	5,8

²⁵ Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls. 12.

²⁶ Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls. 16-17..

²⁷ Vísir. Súðavík, september 2009.

Meðaleinkunn skólans á samræmdu prófum í 4. og 7. bekk í Íslensku í október 2008 var eftirfarandi:

Próf	Fjöldi þátt.	Meðal-einkunn	Normaldreifð fyrir Vestfirði	Normaldreift einkunn fyrir landið allt	Lands-meðaltal	Meðaltal fyrir Vestfirði
Samræmd próf í 4. bekk	4	5,5	27,6	30	6,4	6,1
Samræmd próf í 7. bekk	5	7,4	27,4	30	7,1	6,8

Nemendur hafa tekið þátt í PIRSL og PISA, en ekki er hægt að greina niðurstöður eftir skólanum vegna smæðar. Niðurstöður skólans fylgja Ísafirði. Kennarar hafa ekki unnið sérstaklega með þessar niðurstöður.

Ýmsar skimanir og greiningar eru framkvæmdar í skólanum. Notast er við talnalykil í stærðfræði, hljóm 2, Íslenska þroskalistann í sérstökum tilfellum, Læsi o.fl.

Frá árinu 2007 hefur verið mat á stöðu nemenda í stærðfræði m.t.t. þrepamarkmiða aðalsnámskrár. Markmiðið er að afla sem gleggstra upplýsinga um stöðu nemenda og skipulag skólans að námi þeirra sem það fyrir augum að mæta betur þörfum þeirra. Nemendur taka bæði bekkjar- og einstaklingspróf í Talnalykli. Fyrirlögn og framkvæmd matsins er kynnt á foreldrafundi.

Árið 2008 var unnið með einstaklingsmat í stærðfræði. Markmiðið var að skoða stöðu hvers nemanda fyrir sig í stærðfræði og skýr viðmið sett um niðurstöður. Samantekt var gerð fyrir hvern nemanda og niðurstöður kynntar foreldrum og nemendur fengu heimavinnu sem og ítarefni í skólanum til að bæta stöðu sína. Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður mats, mataðferðir og matstæki tvisvar sinnum á ári í foreldraviðtölum.

Skólinn gerir engar námskröfur fyrir 0. bekkinn, markmiðið með fimm ára bekknum er að kenna þeim á skólasamfélagið og auðvelda flutning milli skólastiga, nemendur fá í lok vetrar umsögn sem byggist á vinnu, ástundun og hegðun.

6. Innra mat skólans

Um innra mat grunnskóla segir í 36. grein grunnskólalaga:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli

35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. 28

²⁸ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.

Skólinn hefur sett sér stefnu um innra mat *Leikskóla, grunnskóla og tónlistardeild Súðavíkurskóla skulu reglulega framkvæma innra mat á starfsemi sinni og meta árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli laga nr. 90/2008 og laga nr. 90/2008*²⁹.

Árið 2002 var útbúin skýrsla vegna úttektar KPMG á námsframvindu í samfélagsfræði og tengingu námsefnis við aðalnámskrá. Ástæða úttektar var að samfélagsfræðin kom ný í samræmdu prófin vorið 2003. Kannað var hvort námsefni, sem til var í Súðavíkurskóla, væri í samræmi við markmið aðalnámskrár.

Árið 2003 var grunnskólinn tekinn út af Menntamálaráðuneytið vegna sjálfsmats. Skólinn fékk fullnægjandi að hluta fyrir sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats. Árið 2009 var matið endurtekið og fékk skólinn ófullnægjandi niðurstöðu. Ekki hefur verið gripið til aðgerða í kjölfar úttektarinnar. Skrifleg og opinber verkáætlun um sjálfsmat liggur ekki fyrir, kerfisbundið sjálfsmat hefur ekki farið fram, en einstakar tilraunir við sjálfsmat hafi farið fram um afmarkaða þætti skólastarfsins. Skýrslur liggja fyrir um einstakar tilraunir við sjálfsmat.

Árið 2006 var gerð úttekt á leikskólanum, gripið var til aðgerða í kjölfar niðurstaðna. Árið 2008 var gerð SVÓT greining á Uppbyggingarstefnunni og rökum þess að samreka grunnskóla, leikskóla og tónlistadeild undir einum stjórnanda.

Í viðtali við deildarstjóra leikskólans kemur fram að nokkrar kannanir hafa verið framkvæmdar á síðustu árum meðal foreldra, t.d. árið 2007. Stuðst var við staðlaða matslista (ECERS kvarða). Markmiðið er að endurtaka foreldrakönnun vorið 2010. Sjálfsmatsskýrsla leikskólans liggur fyrir, hún hefur verið kynnt fyrir fræðslunefnd en ekki komin á heimasíðu skólans.

²⁹ Minnisþingar vegna stefnumótunar Súðavíkurskóla, bls. 3. Unnið í Heydal 3. og 4. Október 2008.

7. Hvernig hefur samrekstur leik-, grunn- og tónlistardeildar Súðavíkur reynst?

Formlegur samrekstur hófst árið 2009 en samkennslan hófst 1998 í því formi sem hún er enn í. Að mati skólanefndar voru mikil vandamál í leikskólanum til ársins 2006. Úttekt var gerð á skólanum í mars 2006 og kom leikskólinn frekar illa út.³⁰ Niðurstöður matsins leiddu í ljós að starfsemi leikskólans var ekki í samræmi við aðalnámskrá leikskóla og hann fylgdi ekki eftir þeim áherslum sem fram koma í skólanámskrá. Húsnæði leikskólans væri rúmgott en leikumhverfi styddi illa við sjálfstæði, samskipti og frjálsan leik barnanna. Miðlun upplýsinga um uppeldis- og menntastarfið innan leikskólans og til foreldra var ekki í nægilega góðum farvegi og nokkur skortur var á gagnkvæmri virðingu, trausti og sveigjanleika á meðal starfsmanna og kom það að mati skýrsluhöfunda niður á þróun leikskólastarfsins³¹.

Árið 2007 var ráðinn inn nýr leikskólastjóri og hefur faglegur metnaður, samvinna og ánægja foreldra aukist til muna að mati viðmælenda. Deildarstjóri leikskóla tekur í dag virkan þátt í starfinu, vinnur að gerð nýrrar skólanámskrár fyrir leikskólann, hefur gert reglulegar viðhorfskannanir meðal foreldra og gripið til aðgerða í kjölfar úttektarinnar. Innleiðing á *Uppeldi til ábyrgðar* hefur einnig hjálpað til. Að mati skólastjórnenda tóku starfsmenn leikskólans ekki nægjanlega mikinn þátt í verkefninu í upphafi en í vetur hefur markvisst verið unnið að úrbótum m.a. með þjálfun starfsmanna³².

Ekki liggur fyrir formlegt mat á samrekstri leik-, grunn- og tónlistarskóla Súðavíkur. Mat á því hvort verkefnið hafi skilað einhverjum árangri byggir því fyrst og fremst á huglægu mati þeirra sem að því koma. Hluti af samrekstrinum var innleiðing á nýrri uppeldisstefnu fyrir báða skólana. Kennarar skólans hafa séð hjá nemendum hegðun sem er ný hjá þeim, þ.e. aukna samskiptahæfni og betri færni í að leysa úr vandamálum. Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna kemur fram að þeim finnst samstarf hafa aukist og það nú vera á mun jákvæðari grunni en áður, auk þess sem viðbrögð eru ekki eins tilviljunarkennd og áður³³.

Að mati skólastjóra hefur samreksturinn haft mjög jákvæð áhrif. Lausnir og aðstoð séu mun sjálfsagðari hjá öllum, aukin fagleg umræða, meiri samvinna kennara, aukin starfsánægja starfsmanna, meiri tillitssemi milli allra og fyrirgefning sé sjálfsögð. Mistök séu gerð en það þurfi að bæta fyrir þau og læra af þeim. Samstarfið á milli deilda hafi styrkst og sjálfspekkning

³⁰ Viðtal við skólanefnd 23.mars 2010

³¹ Mat á starfi Leikskólans í Súðavík, skýrsla unnin fyrir Súðavíkurrepp. Mars 2006, bls. 3. Bryndís Garðarsdóttir.

³² Viðtal við skólastjórnendur, 22.mars 2010

³³ Göngum yfir brúnna. Lokaskýrsla Þróunarverkefnis í Súðavíkurskóla, bls. 16 og 18.(2009).

starfsmanna aukist³⁴. Starfsmannafundir leik-, grunn-, og tónlistarskóla eru sameiginlegir og starfsmenn upplifi vinnustaðinn sem einn vinnustað³⁵.

Samrekstur hentar mjög vel fámennu sveitarfélagi eins og Súðavík þar sem það hefur leitt til hagræðingar hvað varðar mannskap, húsnæði, tól og tæki. Áður voru fjórir kennarar í fullu starfi, í dag eru þrír kennarar. Að mati allra sem rætt var við, er samstarf skólastjóra og deildarstjóra mjög gott og veita þeir hvor öðrum mikinn faglegan stuðning í starfi. Að mati skólastjórnenda eru kjarasamningar kennara helsta hindrun samrekstursins. Þeir geti hindrað sveigjanleika í starfi. Tækifærin fyrir lítinn skóla væru einmitt að nýta sveigjanleikann meira og nýta hæfileika starfsmanna betur, t.d. leikskólakennara í myndmenntakennslu o.s.frv.³⁶

Að mati skólastjórnenda tóku starfsmenn leikskólans ekki nægjanlega mikinn þátt í verkefninu *Uppeldi til ábyrgðar* til að byrja með en í vetur hefur markvisst verið unnið að úrbótum, m.a. með vikulegum fræðslufundum með starfsmönnum leikskólans og eru fundirnir haldnir af einum kennara grunnskólans sem hefur sérhæft sig í uppeldisstefnunni³⁷. Markmiðið er að þjálfa leikskólakennara betur í hugmyndafræðinni og nýta orðin í starfinu. Einnig er unnið með bókina *Barnið mitt er gleðigjafi*.³⁸

Kennarar sögðu samkenntu leik- og grunnskóla hafa aukið forskot 1. bekkjar nemenda. Nú sé samábyrgð um fimm ára bekkinn sem skili sér inn í bekkjarstarfið. Börnin séu komin til að læra, þau þekki skólann, þekki kennarann.³⁹

Að mati kennara mætti auka enn frekar samstarf leik- og grunnskólakennara, t.d. að leikskólakennarar væru meira með þeim í kaffitímum því þar leystust oft lítil mál.⁴⁰ Að mati leikskólakennara hefur sameiningin gengið vel og kostur að hafa einn stjórnanda yfir leik- og grunnskóla. Miklar breytingar hafi átt sér stað á faglegu starfi skólans eftir að nýr deildarstjóri tók til starfa.⁴¹

Að mati nemenda hefur samreksturinn gengið vel. Flest börnin hófu skólagöngu sína í leikskólanum og fannst gott að þekkja bygginguna, matsalinn, kennara og nemendur áður en þau hófu formlegt nám í grunnskóla. Nemendur telja að stundum verði truflun af leikskólabörnum, því byggingin er opin. Eldri nemendur gæta stundum barnanna á leikskólanum þegar leikskólakennarar sækja fundi o.fl.⁴²

³⁴ Göngum yfir brúnna. Lokaskýrsla Þróunarverkefnis í Súðavíkurskóla, bls. 21.(2009).

³⁵ Viðtal við skólastjórnendur 22.mars 2010

³⁶ Viðtal við skólastjórnendur 22.mars 2010

³⁷ Viðtal við skólastjórnendur, 22.mars 2010

³⁸ Viðtal við kennara og leikskólakennara 22.mars 2010.

³⁹ Viðtal við kennara 22.mars 2010

⁴⁰ Viðtal við kennara 22.mars 2010

⁴¹ Viðtal við leikskólakennara 22.mars 2010

⁴² Viðtal við nemendur 23.mars 2010

7.1 Mat höfunda

Að mati úttektaraðila hefur samrekstur leik-, grunn,- og tónlistardeild gengið mjög vel. Allir sem rætt var við sögðust skynja jákvæðar breytingar eftir sameininguna og við innleiðingu á uppeldisstefnunni. Höfundar telja að skólinn þurfi að setja sér mælikvarða á árangur samrekstursins og uppeldisstefnu skólans í innra mati hans.

8. Hvernig hefur stjórnun, skipulag kennslu, námsmarkmið og kröfur og fyrirkomulag námsmats reynst?

Að mati starfsmanna og stjórnenda Súðavíkurskóla hefur stjórnun gengið vel eftir formlega sameiningu grunn-, og leikskólans. Mjög góð samvinna er milli skólastjóra og deildarstjóra leikskólans sem gegnir jafnframt hlutverki staðgengils skólastjóra. Að mati leikskólakennara eru fundirnir með skólastjóra of stuttir og aðallega farið yfir praktísk mál. Þeir hafa áhuga á að endurvekja starfsmannafundina með grunnskólanum og auka þannig faglega umræðu⁴³. Starfsmenn leikskólans, sem rætt var við, segja upplýsingamiðlun hafa batnað á síðustu árum eftir að nýr leikskólastjóri var ráðinn til starfa.

Kennarar segjast hafa meiri kjark og vera komnir með ákveðið verkfæri í hendur eftir að uppeldisstefnan var innleidd, þeir nýti hana til bættra samskipta við nemendur, foreldra og samstarfsmenn⁴⁴.

Samkennsla er í Súðavíkurskóla og hefur hún gengið ágætlega en foreldrar og nemendur kvarta helst yfir samkennslunni í 4.-7. bekk, telja að hópurinn sé of stór og of margir nemendur séu með sérþarfir sem bitni á öðrum nemendum. Að mati foreldra skortir upp á aðstoð vegna sérþarfa. Þeir telja að greiningarferlið taki of langan tíma og að skortur sé á að sérmenntaður kennari sjái um nemendur með sérþarfir⁴⁵.

Að mati allra sem rætt var við er vinnuaðstaða kennara og nemenda góð, skólinn er vel tækjum búinn, skólalóðin fín en það vanti helst sparkvöll og fjölbreyttari íþróttir. Almenn ánægja var með mötuneyti nemenda.

Kennarar segja almenna ánægju með námsmatið, það sé nokkuð fjölbreytt og markviss vinna með marklista í Mentor hafi nýst til úrbóta. Kennarar segjast ekki hafa lagt mat á námsmatið en þeir vilji sjá viðmið um bættan árangur og skýra mælikvarða⁴⁶.

Foreldrakönnun var gerð árið 2009 og var þar spurt út í heimanámið. Almennt voru foreldrar ánægðir með fyrirkomulagið.⁴⁷

Að sögn nemenda, sem rætt var við, líður nemendum vel í skólanum. Þeir telja flestir námið og heimanámið hæfilega krefjandi en segjast ekki þekkja námsmarkmið.⁴⁸ Þeir telja að aðstoð vanti í samkennsluna í 4.-7. bekk. Fimm nemendur af 14 eru með greiningu og því fari mikill tími kennara í aðstoð við þá. Stuðningsfulltrúi er til aðstoðar en að þeirra mati er of mikil truflun í tímunum. Þeir kvarta undan því að aðstoð vanti í stærðfræði í 4. – 7. bekk.

⁴³ Viðtal við starfsmenn leikskólans, 23.mars 2010.

⁴⁴ Viðtal við kennara 22.mars 2010.

⁴⁵ Viðtal við foreldra, 22.mars 2010.

⁴⁶ Viðtal við kennara, 22.mars 2010.

⁴⁷ Vísir. Súðavíkurskóli 2009-2010.

⁴⁸ Viðtal við nemendur, 23.mars 2010

Að mati skólastjórnenda hafa flest börnin sem komið hafa í skólann vegna sérstakra aðstæðna náð að aðlagast skólaumhverfinu mjög vel og þeim hafi liðið vel í skólanum. Að mati þeirra næst betur til nemenda sem skort hafa athygli og umönnun í litlu skólasamfélagi. Rætt var við nemanda með sérþarfir við skólann. Hann taldi að sér liði betur í þessum skóla en í fjölmennum skóla. Hann fengi meiri athygli og að námsárangur sinn hefði batnað.⁴⁹

Í könnun foreldra vorið 2006 kom fram að 25% þeirra höfðu oft áhyggjur af barni sínu vegna samskipta við aðra nemendur. Ekki liggja fyrir nýrri niðurstöður. Einnig komu fram í rýnihópi foreldra áhyggjur vegna þess að ekki væru kennarar við gæslu á skólavelli.⁵⁰ Fulltrúi úr skólanefnd hefur komið að einstökum málum í skólanum, s.s. eineltismálum, agamálum og erfiðum málum nemenda og að mati skólastjórnenda er það mjög mikilvægt fyrir skólann að fá faglegan stuðning fræðslunefndar í slíkum málum.⁵¹

Í foreldrakönnun könnun sem grunnskólinn lét framkvæma haustið 2009 var lagt mat á upplifun foreldra af innleiðingu stefnunnar *Uppeldis til ábyrgðar* í skólanum. 63% foreldra sögðust verða varir við innleiðinguna og 25% þeirra leist mjög vel á það sem komið var, 58% svöruðu vel og 15% sæmilega vel. Aðgerðir sem skólinn greip til var að upplýsa foreldra betur um *Uppeldi til ábyrgðar*, fjölga námskeiðum starfsmanna, halda kynningarfund með foreldrum um stefnuna og foreldrafærninámskeið. Markmiðið er að leggja fyrir aðra könnun vorið 2010.

Leikskólinn lét framkvæma viðhorfskönnun meðal foreldra í október 2009. Að mati foreldra voru 12% mjög ánægð með leikskólastarfið og 75% frekar ánægð, aðrar spurningar komu svipað út. Spurt var út í *Uppeldi til ábyrgðar*, 12% höfðu heyrt af því og haft tækifæri til að kynna sér stefnuna, 25% sögðust vera frekar sammála, 37% hlutlausir, 13% frekar ósammála og 10% mjög ósammála. Svipaðar niðurstöður komu út úr spurningunni „Ég sé merki um vinnu í tengslum við Uppeldi til ábyrgðar í leikskólanum“.

Í rýnihópi foreldra kom fram mikil ánægja meðal foreldra með námskeiðin um uppeldiskenninguna, þau hafi hjálpað þeim að innleiða aðferðafræðina heima hjá sér. Að þeirra mati hafa samskiptin við börnin batnað eftir að stefnan var innleidd. *Við hugsum meira hvernig við segjum hlutina og hvernig við umgöngumst börnin, það má því líta á aðferðina sem ákveðna verkfærakistu*⁵².

Kennarar hafa séð mörg dæmi um breytta hegðun og orðbragð nemenda eftir að uppeldisstefnan var innleidd.

⁴⁹ Viðtal við nemendur, 22.mars 2010.

⁵⁰ Viðtal við foreldra, 23.mars 2010

⁵¹ Viðtal við skólastjórnendur, 22.mars.

⁵² Viðtal við foreldra, 23.mars 2010

Skólastjórinn hafði beðið nemendur um að hlaða ekki niður efni á tölvurnar. Nokkrum vikum eftir að skólastjóri talaði við nemendur kom hár reikningur vegna niðurrhals og ég ætlaði að ræða við nemendur. Þau báðu mig um að gefa sér smá tíma, þau vildu koma með tillögu að lausn. Þau lokuðu að sér, settust niður og fundu lausn á málinu, hreinsuðu tölvurnar og skrifuðu reglur um niðurrhal, án þess að ég væri byrjuð að ræða við þau um vandamálið – þau leystu málið sjálf.⁵³

Í rýnihópi foreldra kom fram sú skoðun að oft væri gripið seint til aðgerða í tengslum við einelti en slíkt væri þó í betra horfi nú. Einnig kom fram sú skoðun að aðgerðaráætlun væri ekki fyllt nægjanlega vel eftir.⁵⁴ Að mati foreldra sem rætt var við vilja þeir fá frekari upplýsingar frá skólanum og nýta Mentor betur til samskipta og hafa einnig áhuga á frekari aðkomu að skólanámskrá⁵⁵.

Að mati foreldra og nemenda mætti bjóða upp á meiri tónlistarkennslu, nemendur sem vilja læra á annað hljóðfæri en píanó, þurfa að sækja tónlistarkennslu til Ísafjarðar. Einnig sé skortur á annarri tónlistarkennslu í 3. – 10. bekk skv. aðalnámskrá grunnskóla⁵⁶.

8.1 Mat höfunda

Að mati úttektaraðila hefur stjórnun skólans gengið vel eftir sameiningu. Almenn ánægja er með skólastjóra og deildarstjóra leikskólans og náin samvinna á milli þeirra. Faglegt umbótastarf hefur verið í skólanum sl. þrjú ár um námsmarkmið og námsmat og innleiðingu á *Uppeldi til ábyrgðar -Uppbyggingarstefnunni*. Kennarar skólans hafa mikinn faglegan metnað um gerð námsmarkmiða, kröfur og fyrirkomulag námsmats og hafa tekið þátt í þróunarvinnu í samvinnu við Mentor.

Það er mat höfunda að æskilegt væri að endurraða aðgerðum í eineltismálum, þannig að áður en skólastjóri og umsjónarkennari meta hvort um sé að ræða einelti, sé rætt við þolendur og gerendur og foreldrum gerð grein fyrir stöðunni. Það vakti athygli úttektaraðila að í rýnihópi nemenda ræddu nemendur mjög hispurslaust um fjölda nemenda með greiningu í skólanum og vísuðu oftast en ekki til eins nemenda úr hópnum sem leið greinilega ekki vel undir þeirra vangaveltum. Úttektaraðilar spyrja sig hvort eðlilegt sé að halda aðgreiningu einstakra nemenda svo mikið á lofti að aðrir nemendur tjái sig sífellt um það. En samkvæmt stefnu skólans á einstaklingsmiðað nám og samkennslan að taka á fjölbreyttum þörfum nemendanna. Í litlu samfélagi getur verið erfitt að taka á svona málum. Sökum fámennis í skólanum og að í skólanum eru hlutfallslega margir nemendur með greiningu tala nemendur hispurslaust um greiningar og lyfjatökur sín á milli. Mikilvægt er fyrir skólann að

⁵³ Viðtal við kennara, 22.mars 2010.

⁵⁴ Viðtal við foreldra, 23.mars.

⁵⁵ Viðtal við foreldra, 23.mars 2010

⁵⁶ Viðtal við nemendur 23.mars 2010.

skoða hvernig taka ber á slíkum málum. Einnig þyrfti að huga að því að fá sérkennara á miðstig, annað hvort með því að ráða sérkennara til starfa eða nýta krafta núverandi sérkennara sem nú kennir aðallega á elsta stigi.

Að mati skýrsluhöfunda uppfyllir húsnæðið og umhverfið markmiðum grunn-, og leikskólastarfs. Þó kvarta nemendur og kennarar aðeins yfir hávaða, t.d. í hvíld leikskólabarna. Húsnæði leikskólans er rúmgott og býður upp á mikla möguleika í daglegu starfi. Þá mætti skoða nokkra þætti betur, t.d. vantar sparkvöll fyrir nemendur á skólalóðinni.

9. Hvernig hefur innra mat skólanna nýst til umbótastarfs?

Árið 2009 var niðurstaða úttektar Mennta- og menningarmálaráðuneytis sú að sjálfsmati Súðavíkurskóla væri ábótavant þar sem skrifleg og opinber verkáætlun um sjálfsmat lægi ekki fyrir, kerfisbundið sjálfsmat hefði ekki farið fram en einstakar tilraunir við sjálfsmat hefðu verið gerðar um afmarkaða þætti skólastarfsins. Einstaka skýrslur liggja fyrir um þessar tilraunir. Ekki hefur verið gripið til aðgerða í kjölfar úttektarinnar.

Skólinn hefur nýverið sett sér stefnu um innra mat en markviss innleiðing á því er ekki hafin. Eins og áður er fram komið hefur skólinn gert einstakar tilraunir í mati á síðustu árum, t.d. kannað viðhorf foreldra, gert úttekt á leikskólanum, unnið SVÓT greiningu á *Uppbyggingarstefnunni* og rökum þess að samreka grunn-, leik-, og tónlistarskóla.

Í viðtali við deildarstjóra leikskólans kom fram að nokkrar kannanir hafi verið gerðar á síðustu árum meðal foreldra, t.d. árið 2007. Stuðst var við staðlaða matslista (ECERS kvarða). Markmiðið er að endurtaka foreldrakönnun vorið 2010. Sjálfsmatsskýrsla leikskólans liggur fyrir, hún hefur verið kynnt fyrir fræðslunefnd en ekki komin á heimasíðu skólans.

Að mati skólastjóra vilja þau sjá meira samstarf um sjálfsmat hjá grunn- og leikskólum Vestfjarða. Slíkt myndi auka faglega umræðu meðal skólanna⁵⁷.

9.1 Mat höfunda

Að mati úttektaraðila hefur innra mat skólans ekki nýst nægjanlega til umbótastarfs, t.d. í formi sjálfsmatsáætlunar, umbótaáætlunar og kerfisbundins sjálfsmats. Starfsemin hefur verið blómleg og faglegur metnaður mikill og því miður að ekki skuli hafa verið betur staðið að matinu og það nýtt í þróun skólans en talsvert skortir upp á að matið sé kerfisbundið og tekið sé á öllum þáttum sjálfsmats leik- og grunnskóla. Skólastjórnendur segja það þó standa til bóta. Höfundar taka undir hugmyndir skólastjórnenda um samstarf við aðra grunn- og leikskóla á Vestfjörðum og telja að það gæti verið öllum skólunum til hagsbóta.

⁵⁷ Viðtal við skólastjóra, 22.mars 2010

10. Hvernig hefur eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi nýst skólunum?

Að mati skólastjórnenda hefur samstarf skólans við sveitarfélag Súðavíkur gengið mjög vel og setur sveitarfélagið skólamál í forgang. Árið 2006 var skipuð ný fræðslu- og tómstundanefnd skipuð þremur aðalfulltrúum og hefur nefndin stutt mjög við bakið á skólastjórnendum við innleiðingu á *Uppeldi til ábyrgðar -Uppbyggingarstefnunni* og sameiningu skólanna. Í fræðslunefnd eru að mati skólastjórnenda miklir fagmenn sem sýna skólanum mikinn stuðning, hafa eftirlit og veita mikla endurgjöf. Nefndin kom að gerð skólastefnu Súðavíkurskóla og er sveitarfélagið meðal 42,5% íslenskra sveitarfélaga sem það hafa gert.⁵⁸ Fræðslunefndin staðfestir einnig skólanámskrá og starfsáætlun skólans. Mikil samvinna er milli skólastjórnenda og fræðslunefndar sem rýnir einnig í niðurstöður úr viðhorfsskönnunum foreldra og fylgist með innleiðingu *Uppeldis til ábyrgðar-Uppbyggingarstefnunnar*. Sveitarfélagið hefur haft frumkvæði að samstarfi um sérfræðipjónustu, félagsþjónustu o.fl. vegna nemenda með sérþarfir. Fulltrúi úr fræðslunefnd hefur vistað nemendur Súðavíkurskóla með sérþarfir heima hjá sér og hafa þau mál verið unnin í samvinnu við barnaverndaryfirvöld.

Súðavíkurskóli hefur aðgang að skólaskrifstofu Ísafjarðar. Að mati fræðslunefndar er mikið álag á skólaskrifstofunni sem í erfiðum málum geti seinkað afgreiðslu.

10.1 Mat höfunda

Að mati úttektaraðila er fræðslunefnd sterkur bakhjarl Súðavíkurskóla. Nefndin hefur tekið mikinn þátt í mótun nýrrar skólastefnu, innleiðingu á uppeldisstefnu og aðstoðað á margvíslegan hátt við sameiningu skólanna. Mikill fengur er fyrir lítinn skóla eins og Súðavíkurskóla að hafa í fræðslunefnd fagaðila sem þekkir skólastarf og þróun þess vel.

⁵⁸ Könnun á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla og grunnskóla. Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af vef ráðuneytis <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5284>.

11. Helstu styrkleikar og veikleikar skólans, ógnanir og tækifæri

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
Samrekstur grunnskóla, leikskóla og tónlistardeild	Sjálfsmat skólans, vantar markvissara mat	Kjarasamningar	Flæði starfsmanna í kennslu (breyttir kjarasamningar)
Uppbyggingarstefna	Kjarasamningar	Fækkun barna	
Samvinna kennara og leikskólakennara	Nálægð	Ótti í fólki	Uppbyggingarstefnan og þjálfun foreldra, starfsmanna og nemenda
Fagleg umræða um skólastarfið	Fámenni	Sameining sveitarfélaga	Lítill skóli, auðvelt að fá alla með
Áhugasamt starfsfólk	Samkennsla í mörgum árgöngum (4.-7.bekk)	Fækkun starfsfólks	Markvisst sjálfsmat
Þróun á skólanámskrá	Ekki sérkennari við kennslu	Samgöngur	Mat á uppbyggingarstefnunni og áhrifum hennar á nemendum, starfsfólk, foreldra og samfélagið
Börnin þekkjast öll	Skólabyggingin (stundum truflun milli svæða grunn og leikskóla, t.d. í hvíld)		
Nálægð			
Fámenni	Skortur á fleiri íþróttagreinum		0.bekkur á að veita forskot félagslega og námslega.
Hátt hlutfall réttindakennara grunnskóla	Vantar skólaráð		Skoða hvernig fyrirverandi nemendum vegnar.
Stuttar boðleiðir	Ekki tónmennt arkennsla í öllum árgöngum		
Góð fræðslunefnd	Eineltismál ekki tekin nógu föstum tókum		
Bæjaryfirvöld hafa skólamáli í forgangi	Skortur á upplýsingaflæði frá skólastjórnendum,		
Stuðningur foreldra	Mentor ekki notaður nægilega mikið		
Leikskólabörn þekkja skólaumhverfið	Heimasíðan, skortur á upplýsingum		
Foreldrar þekkja leik og grunnskólann, kennara og umhverfið	Ekki hátt hlutfall starfsmanna á leikskólanum með réttindi		
Frír leikskóli, enginn biðlisti, engin starfsmannavelta, engar fjarvistir, góður starfsandi	Lítill þátttaka starfsmanna leikskólans í faglegu starfi		
Tónlistin tengir leik- og grunnskólabörn saman í skemmtiatriðum	Skólanámskrá leikskólans liggur ekki fyrir (í vinnslu)		
Góð samvinna skólastjórnenda	Deildarstjóri leikskólans hættir störfum í haust		
Markvissara og faglegra leikskólastarf			
Þróunarvinna í tengslum við skólanámskrá og námsmat			

12. Tillögur að aðgerðum

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf skólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Innleiða kerfisbundið sjálfmat þar sem allir þættir skólastarfsins eru metnir. Framkvæma reglulega kannanir meðal foreldra, nemenda og starfsmanna og útbúa sjálfsmatsskýrslu Súðavíkurskóla.
2. Skipa skólaráð og nemendaverndarráð.
3. Finna leiðir í kjarasamningum til að auka samstarf leik- og grunnskólakennara.
4. *Uppeldi til ábyrgðar -Uppbyggingarstefnan* verði áfram í forgangi. Standa enn öflugar að fræðslu starfsmanna. Auka samstarf starfsmanna leikskóla-, grunnskóla- og tónlistardeildar.
5. Bæta upplýsingaflæði til foreldra í gegnum Mentor og heimasíðu. Auka upplýsingaflæði frá stjórnendum til foreldra, t.d. á breytingum, forföllum o.fl.
6. Skipta samkennslu 4.-7. bekk í tvo hópa eða fá annan kennara til liðs við hópinn.
7. Skólinn leggur mikinn metnað í að taka vel á móti nemendum með sérþarfir. Því er mikilvægt að geta boðið upp á faglegan stuðning sérkennara fyrir þá nemendur.
8. Auka úrval íþróttagreina og tónmenntakennslu.
9. Taka skýrar á eineltismálum og endurraða aðgerðaráætlun.
10. Auka hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara við leikskólann og auka þátttöku þeirra í faglegu starfi skólans.
11. Tryggja að fagmenntaður deildarstjóri verði ráðinn við skólann n.k. haust.
12. Kannað verði í samvinnu við sveitarfélagið að koma upp sparkvelli við skólann.

13. Niðurstöður

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á Súðavíkurskóla og niðurstöðum hennar. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á samrekstur leikskóla, grunnskóla og tónlistardeild, stjórnun, skipulag kennslu, námsmarkmið, kröfur og fyrirkomulag námsmats, innra mat skólans og eftirlit sveitarfélagsins. Aflað var upplýsinga með viðtölum, heimsóknum og rýni gagna.

Úttektin leiðir í ljós að samrekstur leikskóla, grunnskóla og tónlistardeildar í Súðavík hefur reynst vel. Myndast hefur góð þekking á þroska og námsleiðum barna frá upphafi leikskólagöngu til loka grunnskóla. Samvinna kennara leik- og grunnskóla og tónlistardeildar hefur aukið faglega umræðu og víðsýni. Nýtt stjórnskipulag skólans er skýrt og góð samvinna er milli skólastjóra og deildarstjóra leikskólans. Deildarstjóri leikskólans hefur nú látið af störfum og telja höfundar mikilvægt að fagmenntaður deildarstjóri verði ráðinn í hans stað því faglegt starf hefur aukist þar mikið á síðustu árum. Innleiðing á *Uppeldi til ábyrgðar* hefur skilað skólanum margvíslegum ávinningi en formlegt mat á árangri þess vantar. Skólinn hefur unnið að þróunarverkefni með Mentor um tengingu aðalnámskrár grunnskóla við sérstöðu skólans og marklista í hverju fagi fyrir sig.

Kerfisbundið sjálfsmat er ekki í skólanum, skólanámskrá grunnskólans liggur fyrir en skólanámskrá leikskólans er í vinnslu. Ekki liggur fyrir aðgerðaráætlun né viðmið um bættan árangur. Samstarf við fræðslunefnd er mjög mikið og gott og kemur nefndin að einstökum málum skólans, s.s. agamálum, eineltismálum o.fl. Það er að mati úttektaraðila mjög dýrmætt fyrir lítinn skóla eins og Súðavíkurskóla að hafa sterkan fagmann í fræðslunefnd.

Styrkleikar Súðavíkurskóla liggja m.a. í samrekstrinum, uppeldisstefnu skólans, samvinnu kennara og leikskólakennara, faglegri umræðu um skólastarfið, þróun á skólanámskránni, smæð skólans, hlutfalli réttindakennara við grunnskólann, miklum stuðningi fræðslunefndar, fríum leikskóla og þátttöku leik- og grunnskóla í sameiginlegum skemmtunum og uppákomum.

Helstu veikleikar Súðavíkurskóla eru skortur á markvissu innra mati, samræmd skólanámskrá leik- og grunnskóla liggur ekki fyrir, lítil tónmenntakennsla er í 3.-10. bekk, margir nemendur með sérþarfir í 4.-7. bekk og sérkennara vantar. Einnig telja höfundar veikleika að hvorki sé skólaráð né nemendaverndarráð við skólann. Upplýsingaflæði til foreldra í gegnum Mentor er ekki nægilegt og skortur er á faglegum upplýsingum á heimasíðu, t.d. um sjálfsmat skólans. Veikleikar leikskólans felast m.a. í að fáir réttindakennarar starfa við skólann.

Aðgerðir sem höfundar leggja til eru m.a. að ljúka við skólanámskrá fyrir leikskóla og samræma í framhaldi skólanámskrá leik-, og grunnskóla. Meta þarf skólastarfið og árangur

Uppeldis til ábyrgðar með kerfisbundnu sjálfsmati, gefa út árlega sjálfsmatsskýrslu á árangur leik-, og grunnskóladeilda og skipta upp samkenndu í 4.-7. bekk og/eða ráða inn sérkennara.

Höfundar leggja jafnframt til að skipað verði skólaráð og nemendaverndarráð. Auka þarf upplýsingaflæði til foreldra með bættri heimasíðu og auknum aðgangi að Mentor eða kenndu til foreldra á forritið. Þá þarf að auka tónmenntakenndu í 3-10. bekk og kanna möguleika á að koma upp sparkvelli við skólann í samvinnu við sveitarfélagið. Taka þarf skýrar á eineltismálum og endurraða aðgerðaráætlun. Að lokum leggja höfundar til að hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara við leikskólann verði hærra og faglegt starf með þeim aukið.

Heimildir

1. *Ársskýrsla leikskólans*, 2008.
2. *Göngum yfir brúna*. Lokaskýrsla Þróunarverkefnis í Súðavíkurskóla, 2009.
3. *Uppeldi til ábyrgðar. Uppbygging sjálfsaga*. Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson, 2007. Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun: Prentútgáfa. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands
4. *Könnun á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla og grunnskóla*. Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af vef ráðuneytis <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5284>
5. Lög nr.91/2008 um grunnskóla.
6. Lög nr. 90/2008 um leikskóla.
7. *Mat á starfi Leikskólans í Súðavík*, skýrsla unnin fyrir Súðavíkurrepp. Mars 2006
8. Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla*. 2006.
9. *Minnispunktur vegna stefnumótunar Súðavíkurskóla*. Unnið í Heydal 3. og 4. október 2008.
10. *Vísir*. Súðavíkurskóli 2009-2010.
11. *Vísir*. Súðavík, september 2009.
12. *Sjálfsmatsskýrsla leikskólans 2008*.
13. *Starfsmannahandbók Súðavíkurskóla 2009*.

Önnur gögn:

Dagskipulag leikskólans

Ýmis gögn frá skólanum, s.s. mappa um skólastarfið, tölvutæk gögn s.s. kannanir, skýrslur, minnispunktur, drög að áætlunum o.fl.